Kópavogi, 10. febrúar 2026
25021357/303.00 AKÓ

Efni: Svör við tillögum Barnaþings Kópavogs 2025

Barnaþing Kópavogs er árlegt barnaþing fyrir nemendur í 5.-10.bekk í grunnskólum Kópavogs þar sem þeim gefst tækifæri á að koma sínum sjónarmiðum og hugmyndum á framfæri. Markmið þingsins er að efla lýðræðislega þátttöku barna í anda Barnasáttmálans og tryggja að ákvarðanataka endurspegli þarfir þeirra. Starfsfólk menntasviðs heldur utan um skipulag barnaþingsins í nánu samstarfi við starfsfólk grunnskóla, frístunda og félagsmiðstöðva. Þessi samvinna tryggir bæði faglegan undirbúning og að rödd allra barna skili sér skýrt inn í stjórnsýslu bæjarins.

Tillögurnar sem börnin koma með á barnaþingið eru þær tillögur sem nemendur í grunnskólum bæjarins hafa kosið um á svokölluðu skólaþingi sem haldið er í hverjum skóla og er undanfari barnaþings. Tillögurnar sem börnin meta hvað mikilvægastar af barnaþingi eru svo kynntar bæjarstjórn á hverju vori. Á haustmánuðum 2025 var þetta samtal dýpkað enn frekar með svokölluðum Kaffihúsafundi, þar sem börnum og ungmennum var boðið að ræða tillögurnar í afslöppuðu og öruggu umhverfi með bæjarfulltrúum. Þar fengu þau færi á að útskýra tillögurnar nánar og forgangsraða tillögunum enn frekar í góðri samvinnu við bæjarfulltrúa.

Í upphafi hvers árs er svo leitast við að veita börnunum skýr svör um í hvaða farveg tillögurnar fara og hvaða skref bæjarfélagið hyggst taka. Í svari við tillögum Barnaþings 2025 kemur fram að Kópavogsbær, sem Barnvænt sveitarfélag, muni halda áfram að skoða leiðir til að bæta þjónustu og aðstæður í takti við þarfir barna. Þar á meðal er til skoðunar að eiga samtal um tillöguna frítt í Strætó fyrir börn í Kópavogi. Jafnframt er staðfest að grunnskólar í bænum séu almennt með þéttar stundatöflur, og að bærinn vilji kanna leiðir til að tryggja að öll börn hafi öruggan aðgang að morgunmat í grunnskólum Kópavogs. Einnig kemur fram að á Kársnesi séu raunhæfir möguleikar á uppbyggingu þjónustu, líkt og ísbúðar, og að bærinn sé tilbúinn að eiga samtal við áhugasama aðila um slíka starfsemi. Menntasvið hyggst einnig skoða nánar hvernig bæta megi framboð á hreyfingu innan skóladagsins, sérstaklega með hliðsjón af óskum barna um fleiri eða lengri íþróttatíma. Hugmyndin um sérstaka Hátíð í Kópavogi í anda Skrekks fékk góð viðbrögð og er áformað að vinna hana áfram í samstarfi við skóla, félagsmiðstöðvar, nemendur og ungmennaráð á árinu 2026, í þeim tilgangi að skapa vettvang fyrir skapandi starf og sýnileika barna í listum og menningu bæjarins.

Svörin endurspegla vilja Kópavogsbæjar til að hlusta á hugmyndir barna og vinna með þeim í gegnum gegnsæ ferli sem styrkir lýðræðislega þátttöku. Samspil barnaþings, Kaffihúsafundar og með formlegum svörum í upphafi árs tryggir að raddir barna berist inn í stjórnsýslu sveitarfélagsins með skýrum og gagnsæjum hætti, og að sjónarmið þeirra hafi raunveruleg áhrif á þróun þjónustu, umhverfið og skóla- og frístundaþjónustu í Kópavogi.

Virðingarfyllst,

Amanda K. Ólafsdóttir
Skrifstofustjóri, menntasviðs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 18.11.2026

Skjal sótt af '0000000000' dags: 18.11 2026

Skjal sótt af '0000000000' dags: 18.11 2026